

Ed.

112. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Flm.: Björn Jónsson, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

C-liður 2. gr. laganna orðist svo:

hafa frá og með árinu 1955 unnið eigi skemur en í 10 ár störf, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt samkomulagi atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969, ef samkomulagið hefði öðlzt gildi 1. jan. 1955. Vinna hluta úr ári telst til unnins árs í þessu sambandi.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld, sbr. c-lið 2. gr., svo og aðeins þann tíma, sem hann hefur verið fullgildur félagi stéttarfélaga, sbr. 1. gr. Þó skal félagi ekki að neinu glata réttindum fyrir þann tíma, er svo kann að hafa staðið á, að hann átti ekki kost á að vera félagi í viðeigandi stéttarfélagi vegna þess, að slíkt félag var þá ekki starfandi, þar sem hann hafði búsetu.

3. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Skemmri réttindatími en 10 ár, sbr. c-lið 2. gr., veitir sjóðfélaga sjálfum ekki rétt til eftirlauna. Lágmarksgreiðslur til sjóðfélaga skulu vera kr. 2000.00 á mánuði að viðbættum verðlagsbótum skv. vísitölu vöru og þjónustu frá 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Jafnhliða kjarasamningum verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda, er undirritaðir voru hinn 19. maí 1969, var samið um að setja á fót lífeyrissjóði verkafólks. En þar sem auðsæjar ástæður lágu til þess, að sá sjóður kom ekki að haldi fyrir það verkafólk, sem þá var hætt störfum eða hafði náð það háum aldri, að vonir gátu ekki staðið til, að það ynni sér þar lífeyrisréttindi, var eftir því leitað að sú mismunun, sem hér hlaut að verða, yrði að nokkru bætt með öðrum opinberum aðgerðum. Félldst ríkisstjórnin á samkomulag eða yfirlýsingu um þetta efni, sem síðan hlaut staðfestingu Alþingis með gildandi lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, en þau hafa nú komið til framkvæmda.

Svo sem ákvæði til bráðabirgða í lögnum bera með sér, gerðu þeir, sem að lagasetningunni stóðu, sér fulla grein fyrir því, að ýmsir annmarkar kynnu að koma fram varðandi framkvæmd þeirra, og er þar því gert ráð fyrir endurskoðun þeirra eftir nokka byrjunarreynslu, enda hefur sú orðið raun á. Sumir þessara annmarka eru þess eðlis, að þá mætti lagfæra með reglugerð, sem héldi ekki óeðlilega fast við bókstafsákvaði, en önnur, sem þegar eru augljós, eru þess háttar, að óhjákvæmilegt er að breyta lögnum, ef þau eiga að ná tilgangi sínum og eiga ekki að leiða til óafsakanlegs misréttis.

Þetta frv. ber ekki að skoða sem neina heildarendurskoðun á lögnum eða leiðréttingu á öllu, sem þar mætti betur fara, en á hinn bóginn felur það í sér þrjár breytingar, sem flm. telja, að óhjákvæmilegt sé að gerðar verði þegar í stað.

Efnisatriði breytinganna, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessi:

1. Að í stað þess, að lögin gera nú að ófrávikjanlegu skilyrði fyrir bótarétti, að verkafólk hafi verið í starfi í árslok 1967, en hins vegar ekki, að það hafi verið í starfi lengur en 10 ár frá og með árinu 1955, verði bótaréttur miðaður við 10

ára lágmarksstörf, hvenær sem þau hafa verið unnin á framangreindu tímabili. Mundi þessi breyting fjölga nokkuð þeim, sem bótaréttar ættu að njóta, og afmá auðsæilegt misrétti.

2. Skv. 4. gr. er svo ákveðið, að viðkomandi njóti aðeins bótaréttar fyrir það tímabil, sem hann hefur verið fullgildur félagi í stéttarfélagi bótaskyldrar starfsgreinar. Almennt er þetta ekki óeðlilegt ákvæði, en veldur óafsakanlegu misrétti, t. d. þegar svo hefur verið ástætt, að hlutaðeigandi átti þess engan kost að uppfylla þetta skilyrði. Kemur ákvæði þetta einkanlega hart niður á ýmsum iðnaðarmönnum, en félög hafa ekki verið starfandi í sumum iðngreinum um land allt fyrr en á allra síðustu árum.
3. Loks gerir frv. svo ráð fyrir því, að ákveðnar verði mánaðarlegar lágmarksgreiðslur til bótaþega, kr. 2000.00. Vegna þeirra ákvæða lífeyrissjóða verkafólks, sem nú eru að taka til starfa, þykir flm. ekki rétt að hverfa frá ákvæðum 6. gr. laganna um mismunandi bótaupphæðir eftir réttindatíma og tekjum verkafólks, og er því gert ráð fyrir því, að þau ákvæði haldist óbreytt, ef þau veita frekari rétt en lágmarksupphæðum frv. nemur. Sú framkvæmd laganna, sem þegar er hafin, sannar hins vegar, að í mörgum tilvikum skammta ákvæði laganna svo naumar bætur, að til hreinnar vansæmdar verður að telja, þótt í hlut eigi verkafólk, sem á langan og sleitulausan starfsferil að baki, en hefur þrotið að vinnuþreki síðari starfsár sín og því haft þá mjög lágar tekjur, sem bæturnar síðan eru við miðaðar. Ákvæðin um lágmarksbætur svo og ákvæði 1. gr. frv. miða að því að bæta hér nokkuð úr, þótt þau gangi í raun miklu skemmra en réttmætt væri. Væri því vissulega vel, ef hv. þingnefnd, sem málið fær til athugunar, og hv. Alþingi féllist að athuguðu máli á enn frekari leiðréttingar í þessu brýna réttlætismáli en frv. gerir ráð fyrir.